

REGLUGERÐ

um fráveitur og skólphreinsun.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum losunar skólps.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um alla söfnun, hreinsun og losun skólps, nema frá skipum.

Um losun skólps frá skipum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinna orða og hugtaka sem hér segir:

- Atvinnurekstur*: Hvers konar starfsemi og framkvæmdir.
- Blágrænar ofanvatnslausnir*: Leiðir til þess að veita ofanvatni niður í jarðveg í stað fráveitu og meðhöndlun á ofanvatni, svo sem með því að veita ofanvatni í jarðveg við uppruna og tryggja flóðaleiðir á yfirborði.
- Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)*: Mælikvarði á magn lífrænna efna í vatni, mælt með staðlaðri aðferð.
- Einföld og tvöföld kerfi*: Fráveitur geta annaðhvort verið einföld kerfi eða tvöföld. Í einföldum kerfum rennur bæði skólp og ofanvatn í sömu lögnum. Í tvöföldum kerfum er skólp og ofanvatn aðskilið.
- Ferskvatn (ósalt vatn)*: Vatn sem kemur fyrir á náttúrulegan hátt, hefur lítinn saltstyrk og er yfirleitt nýtanlegt til töku og vinnslu sem neysluvatn.
- Frárennsli*: Rennsli frá mannvirkjum, götum, lóðum, gönguleiðum eða opnum svæðum, svo sem ofanvatn og/eða skólp og vatn frá upphitunarkerfum mannvirkja sem veitt er í fráveitur.
- Fráveita*: Lagnakerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi. Til fráveitu teljast einnig öll mannvirki sem reist eru til móttöku, geymslu, meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem hreinsivirki, hreinsistöðvar, dælustöðvar og set- og miðlunartjarnir.
- Hreinsun skólps*:
 - Grófhreinsun* er hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði.
 - Eins þreps hreinsun* er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað a.m.k. um 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað a.m.k. um 50% áður en skólpið er losað.
 - Tveggja þrepa hreinsun* er frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli, sbr. kröfur í viðauka I. Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t.d. vera tveggja þrepa hreinsun.
 - Viðeigandi hreinsun* er hreinsun skólps, miðað við aðstæður, með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. viðauka I–VII.
 - Ítarleg hreinsun, þ.e. þriggja þrepa hreinsun*, er hreinsun skólps á viðkvæmum svæðum þar sem krafist er meira en tveggja þrepa hreinsunar, sbr. viðauka II, eða hreinsa þarf betur aðra

- þætti í skólpi, svo sem gerla. Ítarleg hreinsun getur verið líffræðileg og eðlisefnafræðileg hreinsun.
9. *Hreinsivirki*: Búnaður til hreinsunar á skólpi og/eða ofanvatni áður en því er veitt í viðtaka, m.a. rotþrær með siturlögnum, fitugildrur, olíuskiljur, set- og miðlunartjarnir, blágrænar ofanvatnslausnir, jarðvegssíur og tilbúin votlendi.
 10. *Húsaskólp*: Skólp, frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi, sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa.
 11. *Iðnaðarskólp*: Skólp frá atvinnurekstri, að undanskildu húsaskólpi, vatni frá upphitunarkerfum mannvirkja og ofanvatni.
 12. *Lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD₅)*: Mælikvarði fyrir magn lífrænna efna í vatni mælt með staðlaðri aðferð.
 13. *Ofanvatn*: Regnvatn og leysingarvatn sem rennur af húspökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.
 14. *Ofaudgun*: Ofgnótt næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og/eða fosfórs, sem veldur því að þörungar og þróaðri tegundir plantna vaxa hraðar en ella, en það veldur óæskilegri röskun jafnvægis lífvera í vatninu og spillir gæðum vatnsins.
 15. *Persónueining (pe)*: Magn lífrænna efna sem brotnar niður líffræðilega með 60 grömm súrefnis á sólarhring, mælt sem 5 sólarhringa lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD₅).
 16. *Seyra*: Öhreinindi sem skilin eru frá fráveituvatni með botnfellingu, síun eða fleytingu án síu-eða ristarúrgangs, þ.e. eftir að forhreinsun hefur átt sér stað.
Tegundir seyrur eru:
 - a. seyra frá skólphreinsistöðvum, þ.e. húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu,
 - b. seyra frá rotþróum og sambærilegum mannvirkjum,
 - c. seyra frá skólphreinsistöðvum öðrum en teljast til a- og b-liðar.
 17. *Síður viðkvæmt svæði*: Ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
 18. *Skólp*: Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps, iðnaðarskólps og ofanvatns, þ.e. blanda af einhverju af framangreindu.
 19. *Svifagnir*: Svifagnir eru agnir í sviflausn sem hægt er að skilja úr lausninni með aðferðum sem lýst er í viðauka IV.
 20. *Viðkvæmt svæði*: Svæði sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða svæði sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar.
 21. *Viðtaki*: Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.
 22. *Yfirfall*: Búnaður til þess að hleypa hluta frárennslis fram hjá hreinsivirki í viðtaka vegna álags í mikilli rigningu eða leysingum, eða vegna bilana og viðhalds.
 23. *Þéttbýli*: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.
 24. *Purrsalerni*: Salerni þar sem úrganginum er ekki skolað burt með vatni, t.d. kamrar og salerni þar sem úrgangi er breytt í moltu eða hann brenndur.

4. gr.

Ábyrgð og eftirlit.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna í sveitarfélaginu, sbr. lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, þ.m.t. á söfnun, geymslu, meðhöndlun og flutningi skólps.

Umhverfis- og orkustofnun ber ábyrgð á að skilgreina viðkvæmt svæði og staðfesta eða synja tillögum sveitarstjórna um skilgreiningu síður viðkvæmra svæða og taka saman gögn um stöðu fráveitumála. Stofnunin fer auk þess með almenna umsjón með stjórnsýslu fráveitumála og vinnur að samræmingu á framkvæmd reglugerðarinnar.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar og veita starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar, nema um sé að ræða starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun.

II. KAFLI Hreinsun skólps.

5. gr.

Meginregla um hreinsun skólps.

Skólp skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun áður en því er veitt út í umhverfið, nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.

Skólp frá þéttbýli eða atvinnustarfsemi þar sem fjöldi persónueininga er yfir 10.000 og skólp sem veitt er í ferskvatn og ármynni frá þéttbýli þar sem fjöldi persónueininga er yfir 2.000 skal uppfylla losunarmörk sem koma fram í viðauka I þegar það er losað úr fráveitu, sbr. þó 6. og 7. gr.

Fráveituvatn einstakra húsa/mannvirkja sem ekki verður veitt í fráveitu sveitarfélags skal hreinsað í hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, eða öðrum sambærilegum búnaði sem uppfyllir kröfur um tveggja þrepa hreinsun. Búnaðurinn skal, eftir því sem við á, uppfylla skilyrði staðalsins ÍST EN 12566. Sama á við um þyrpingu húsa og mannvirkja með allt að 50 pe.

Afla skal fyrirmæla og leyfis hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar vegna nýrra og endurbættra fráveitna auk stakra hreinsivirkja.

Þar sem aðstæður valda því að stakt hreinsivirki, svo sem rotþró með siturbeði, er ekki álitlegur kostur skal nota þurrsalerni eða annan sambærilegan búnað.

Sveitarstjórn getur kveðið nánar á um fyrirkomulag fráveitumála og kröfur um hreinsun í samþykkt sem hún setur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

A hálandum svæðum þar sem örðugt reynist að beita líffræðilegri hreinsun vegna lágs hitastigs er heimilt, að fengnu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar, að nota aðferðir þar sem ekki eru gerðar eins strangar kröfur um hreinsun og getið er í 2. og 3. mgr., að því tilskildu að nákvæmar rannsóknir liggi fyrir um að slík losun hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.

6. gr.

Hreinsun skólps á viðkvæmum svæðum.

Umhverfis- og orkustofnun flokkar viðkvæm svæði, sbr. viðmið í A-lið viðauka III, og skilgreinir þá mengunarþætti sem þau eru viðkvæm fyrir. Umhverfis- og orkustofnun skal halda skrár, m.a. lista og kort, yfir viðkvæm svæði og birta endurskoðaða skrá á minnst fjögurra ára fresti. Endurskoðunin skal m.a. byggjast á niðurstöðum vöktunar í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Skólp frá þéttbýli, sem er losað inn á viðkvæm svæði og fjöldi persónueininga er yfir 50, þarf ítarlega hreinsun, þ.e. það skal uppfylla losunarmörk sem tilgreind eru í viðauka I og kröfur um hreinsun á fosfór og/eða köfnunarefni, sbr. viðauka II, nema að sýnt sé fram á að slík viðbótarhreinsun hafi hverfandi umhverfisbætandi áhrif. Atvinnustarfsemi skal hreinsa skólp áður en losað er inn á viðkvæm svæði og eftir atvikum í samræmi við ákvæði í starfsleyfi.

Einstök hreinsivirki á tilteknu svæði þurfa ekki að uppfylla kröfur um ítarlega hreinsun ef hægt er að sýna fram á að náð sé markmiði um lækkun heildarmagns fosfórs um 75% og lækkun heildarmagns köfnunarefnis um 75% miðað við magn skólps sem berst til allra hreinsivirkja á svæðinu.

Verði svæði skilgreint sem viðkvæmt skal skólp uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. innan sjö ára frá því að skilgreiningu var breytt.

7. gr.

Hreinsun skólps á síður viðkvæmum svæðum.

Sveitarstjórnnum er heimilt að senda tillögur til Umhverfis- og orkustofnunar þess efnis að svæði séu skilgreind síður viðkvæm ásamt fullnægjandi gögnum samkvæmt viðauka VI. Stofnunin flokkar síður viðkvæm svæði, sbr. viðmið í B-lið viðauka III, að fengnum tillögum frá sveitarstjórnnum og metur hvort gögnin sýna góða hæfni svæðisins til að taka við og eyða skólpi og staðfestir eða synjar tillögunni.

Á síður viðkvæmum svæðum skal skólp sem veitt er í strandsjó frá þéttbýli þar sem fjöldi persónueininga er á bilinu 10.000 og 150.000 og skólp sem veitt er í ármynni frá þéttbýli þar sem fjöldi persónueininga er á bilinu 2.000 og 10.000 hreinsað að lágmarki þannig að BOD₅-gildi lækki um 20% og heildarmagn svifagna um 50% áður en það er losað (eins þreps hreinsun). Sama gildir um skólp frá

þéttbýli sem losar meira en 150.000 þe þegar hægt er að sýna fram á að þróaðri hreinsiaðferðir hafi hverfandi umhverfisbætandi áhrif. Eigandi fráveitu skal sinna eftirliti og vöktun sem staðfestir að losun hafi ekki óæskileg áhrif og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með því.

Við eftirlit og mat á álagi og ástandi vatnshlots skal taka mið af viðauka IV og vöktun á gæðapáttum, sbr. reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Skilgreining síður viðkvæmra svæða skal endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti í samræmi við tillögu sveitarstjórnar þar um. Verði svæði ekki lengur skilgreint sem síður viðkvæmt skal hreinsun skv. 5. gr. komið á innan sjö ára frá því að skilgreiningu var breytt.

8. gr.

Viðeigandi hreinsun skólps.

Skólp sem veitt er í ferskvatn og ármynni og fjöldi persónueininga er undir 2.000 og skólp sem veitt er í strandsjó og fjöldi persónueininga er undir 10.000 skal hreinsað með viðeigandi hreinsun. Heilbrigðisnefndir ákveða hvað er viðeigandi hreinsun með tilliti til viðtaka og álags. Með hreinsun skólpsins skal tryggt að viðkomandi svæði uppfylli umhverfismörk og gæðamarkmið, sbr. viðauka VII, sem um það gildir. Skólp skal að lágmarki hreinsað með síun eða annars konar hreinsun, svo sem með roþró og siturlögum eða sambærilegum búnaði.

9. gr.

Endurnýting.

Hreinsað skólp, sbr. viðauka IV, seyru og síu- og ristarúrgang skal nýta ef kostur er. Úrgang, þ.e. seyru og síu- og ristarúrgang til förgunar, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi til að taka við honum. Um starfsleyfi eða skráningu fyrir meðhöndlun úrgangs og meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutning, notkun og hreinsun, fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs. Um kröfur til endurnýtingar úrgangs fer samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs, reglugerða settra samkvæmt þeim og reglugerðar um meðhöndlun seyru.

10. gr.

Bann við losun.

Óheimilt er að losa í fráveitur, hvort sem um beina eða óbeina losun er að ræða, spilliefni, svo sem hvers kyns fitu, olíu, bensín, lífræn leysiefni, rokgjörn efni og önnur mengandi eða hættuleg efni. Sama á við um efni eða hluti sem geta truflað virkni fráveitu, svo sem úrgang, lyf og hreinlætisvörur, t.d. blautþurrkur.

11. gr.

Móttaka og meðhöndlun salernisúrgangs.

Sveitarfélag skal tryggja móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá salernum sem ekki eru tengd viðurkenndu hreinsivirki. Þetta á m.a. við um ferðasalerni, þurr- og vatnssparandi salerni, t.d. í húsbílum, rútum og bátum.

Sveitarfélag getur gert samning við einkaaðila um móttöku og meðhöndlun eða unnið í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Heilbrigðisnefndir sinna eftirliti með móttökustöðvum og Umhverfis- og orkustofnun gefur út leiðbeiningar fyrir móttöku.

12. gr.

Iðnaðarskólp.

Iðnaðarskólp skal hreinsað í samræmi við kröfur í 5.–8. gr., eins og við á, áður en það er losað í fráveitu sveitarfélags eða eigin fráveitu. Tryggja skal að losun skólps valdi hvorki skemmdum á fráveitubúnaði né truflunum við hreinsun þess, sbr. viðauka V, og hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið og/eða heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur. Losun skólps má ekki valda því að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki. Tryggja skal að hægt sé að meðhöndla seyru eða farga á öruggan hátt.

Rekstraraðili skal tryggja að vöktun frárennslis og eftirlitsmælingar séu í samræmi við og uppfylli skilyrði samkvæmt viðauka IV, eins og við á.

Umhverfis- og orkustofnun og heilbrigðisnefndir skulu tryggja að í starfsleyfi og starfsskilyrðum séu ákvæði sem tryggja að farið verði eftir kröfum skv. 1. og 2. mgr.

Um losun frá starfsemi og framkvæmdir sem falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir gilda jafnframt ákvæði reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðir sem gilda um losun efna í vatn.

Rekstraraðilar sem losa í eigin fráveitu og útrás yfir 4.000 pe af skólpi sem inniheldur lífræn efni sem eyðast auðveldlega í umhverfinu skulu tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um losunina.

13. gr.

Útreikningur persónueininga.

Magnið sem gefið er upp í persónueiningum, sbr. 5.–8. gr., er reiknað út á grundvelli hámarks meðalmagns á viku sem fer um hreinsivirkið á ári, að undanskildu því sem fellur til við óvenjulegar aðstæður, svo sem vegna mikillar úrkomu.

III. KAFLI

Hönnun og staðsetning fráveitu.

14. gr.

Hönnun fráveitu.

Fráveitur skulu hannaðar, byggðar, starfræktar og viðhaldið þannig að þær uppfylli kröfur um hreinsun við öll venjuleg skilyrði. Við hönnun fráveitna skal taka tillit til árstíðabundinna magnsveiflna, m.a. veðurfars.

Fráveitur skulu vera þannig hannaðar, þar sem því verður við komið, að hægt sé að taka dæmigerð sýni af skólpi bæði í aðrás og frárás hreinsivirkis, sbr. viðauka IV.

15. gr.

Staðsetning útrásar.

Staðsetning útrásar skal valin þannig að áhrif á vatn og annað umhverfi séu eins lítil og gerlegt er og tillit sé tekið til annarra hagsmuna, svo sem vatnsbóla, útivistar og atvinnustarfsemi. Staðsetningin skal ákvörðuð í samræmi við skipulagsáætlanir að teknu tilliti til gæðapátta og umhverfismarka, sbr. reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, reglugerð um varnir gegn mengun vatns, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð um baðstaði í náttúr-unni.

Skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum þar sem það er hægt. Óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að leggja til aðrar lausnir sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi. Áður en stofnunin tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Lagning neðansjavarleiðslna er háð samþykki viðeigandi aðila, sbr. reglugerð um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjavarleiðslna.

16. gr.

Yfirfall og ofanvatn.

Draga skal úr álagi á fráveitu með því að aðskilja skólp og ofanvatn og nýta blágrænar ofanvatnslausnir þar sem kostur er. Ofanvatn skal hreinsað þegar við á áður en það er losað í viðtaka.

Fyrirbyggja skal, eins og kostur er, losun á ómeðhöndluðu skólpi út í viðtaka vegna óhjákvæmilegra aðstæðna, t.d. bilana og rafmagnsleysis eða náttúrulegra aðstæðna. Lengd og fjöldi slíkra tilvika skal haldið í lágmarki. Tilkynna skal umsvifalaust til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar þegar um slíka losun er að ræða.

Tilvikum þar sem skólp fer um yfirfall skal haldið í lágmarki. Þar sem um er að ræða einföld kerfi er heimilt, þegar um yfirfall á fráveitu er að ræða vegna ofanvatns, að útþynnt skólp fari árlega um yfirföll allt að 5% af tímanum. Staðsetning útrásar yfirfallsvatns fer skv. 15. gr.

IV. KAFLI
Innra eftirlit, skráning o.fl.

17. gr.

Sýnataka, mælingar, skráning og skýrslugjöf.

Upplýsingum og gögnum samkvæmt reglugerð þessari ber að skila í gagnagátt um fráveitur á því formi sem þar kemur fram. Umhverfis- og orkustofnun rekur gagnagáttina og skal hún vera aðgengileg á vef stofnunarinnar.

Rekstraraðili fráveitu, sem meðhöndlar yfir 50 pe, skal mæla eða láta mæla mengunarþætti í skólpi í samræmi við viðauka I, II og IV og starfsleyfi. Rekstraraðili fráveitu, sem meðhöndlar yfir 2.000 pe, skal einnig skila upplýsingum um búnað og rekstur fráveitna og meðhöndlun úrgangs og seyrú á tveggja ára fresti til heilbrigðisnefnda og Umhverfis- og orkustofnunar. Skila skal upplýsingum fyrir 1. apríl hvert ár.

Sveitarstjórn skal skila upplýsingum um fráveitur í gagnagátt um fráveitur þar sem m.a. er fjallað um:

1. Magn fráveituvatns og mengunarefna annars vegar frá íbúðabyggð og hins vegar frá iðnaðarsvæðum, svo og um hvers konar iðnað er að ræða.
2. Hreinsun, þar á meðal sérstaka hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
3. Svæði sem skólp er losað í og áætluð áhrif.
4. Meðhöndlun ristarúrgangs og seyrú frá hreinsivirkjum og móttökustað.
5. Hvenær áætlað er að fráveitan verði tekin í notkun og framkvæmdaáætlun fyrir einstaka áfanga.
6. Stök hreinsivirki í sveitarfélaginu, sbr. 3. mgr. 5. gr., svo sem varðandi fjölda, gerð hreinsunar og nýtingu eða förgun seyrú.

Umhverfis- og orkustofnun skal annað hvert ár gefa út samantekt um stöðu fráveitumála, þar á meðal hreinsun skólps og seyrú sem byggist á framangreindum upplýsingum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

19. gr.

Innleiðing EES-gerða.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli.
2. Tilskipun framkvæmdarstjórnarinnar 98/15/EB frá 27. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/271/EBE að því er varðar tilteknar kröfur í I. viðauka við hana.

20. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir 2. mgr. 7. gr. er starfandi fráveitum í þéttbýli, sem þegar eru búnar að setja upp síubúnað samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en hann uppfyllir ekki kröfur um eins þreps hreinsun samkvæmt þessari reglugerð, heimilt að nota þann búnað til 31. desember 2027.

II.

Ráðherra skipar samráðshóp um fráveitur. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, innviðaráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umhverfis- og orkustofnun og Samorku. Fulltrúi ráðherra fer með formennsku í samráðshópnum.

Megintilgangur hópsins er að efla samráð og samvinnu varðandi fráveitur og skólphreinsun. Samstarfshópurinn skal meta kostnað, greina mögulegar leiðir til að draga úr kostnaðaráhrifum, útfæra áætlun og tímaramma í samræmi við kröfur reglugerðarinnar, svo sem að fjalla um áherslur varðandi fráveitustyrki, örplast og nýja nálgun eins og blágrænar ofanvatnslausnir og vinna að sameiginlegum lausnum. Auk þess skal hópurinn skoða möguleika á uppbyggingarverkefnum, þróun mannvirkja, nýsköpun og fjalla um bestu aðgengilegu tækni. Við vinnu samstarfshópsins er gert ráð fyrir að hann hafi m.a. samráð við vatnaráð og Umhverfis- og orkustofnun og taki mið af aðgerðum í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar. Samráðshópurinn skal leggja áherslu á að benda sveitarfélögum á möguleika á að sækja um innlenda sem erlenda styrki til fráveituframkvæmda og nýsköpunar á því sviði.

Samráðshópurinn skal auk þess fjalla um aukna nýtingu seyru sem fellur til hjá fráveitum, greina hvaða möguleikar eru til að nýta seyru og setja fram tímasetta áætlun með þeim sem seyra fellur til hjá og þeirra sem geta nýtt seyru. Í áætluninni skal tiltaka hvernig hægt er að koma seyru sem kveðið er á um í 9. gr. í farveg og hvaða kostnaðaráhrif það hefur. Áætlun vegna seyru skal vera tilbúin eigi síðar en 31. desember 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. desember 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

Viðauki I.**Losunarmörk fyrir tveggja þrepa hreinsun.**

Losunarmörk fyrir heildarmagn svifagna, lífnafræðilega súrefnisþörf (BOD_5) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD) ásamt mæliaðferðum. Gildin fyrir styrk eða lækkun miðað við hundraðshluta skulu eiga við. Losunarmörkin gilda fyrir losun þar sem krafist er tveggja þrepa hreinsunar.

Mælipættir	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta ¹	Mæliaðferðir
Lífnafræðileg súrefnisþörf (BOD_5) ²	25 mg/l O_2	70 til 90 40 vegna 6. mgr. 6. gr.	Sjá töflu 3, viðauka IV
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/l O_2	75	Sjá töflu 3, viðauka IV
Heildarmagn svifagna	35 mg/l ³ 35 mg/l vegna 6. mgr. 6. gr. (meira en 10.000 pe) 60 mg/l (2.000 - 10.000 pe) vegna 6. mgr. 6. gr.	90 ³ 90 vegna 6. mgr. 6. gr. (meira en 10.000 pe) 70 (2.000 - 10.000 pe) vegna 6. mgr. 6. gr.	Sjá töflu 3, viðauka IV

1 Lækkun miðað við styrk aðveituskólps.

2 Setja má annan mælipátt inn í stað þessa: heildarmagn lífræns kolefnis í vatninu (TOC) eða heildarsúrefnisþörf (TOD) ef hægt er að sýna fram á fylgni milli BOD_5 og mælipáttar sem kemur í staðinn.

3 Þessi krafa er valfrjálst, nema á hálendum svæðum.

Greining á skólpi frá hreinsitjörnum skal gerð með því að nota síuð sýni; styrkur heildarmagns svifagna í ósíuðum vatnssýnum skal þó ekki fara yfir 150 mg/l.

Viðauki II.**Losunarmörk fyrir skólp á viðkvæmum svæðum.**

Losunarmörkin geta eftir atvikum átt við fosfór og köfnunarefni eða annan hvorn þáttinn. Gildin fyrir styrk eða lækkun miðað við hundraðshluta skulu eiga við.

Mælipáttur	Styrkur (ársmeðaltal)	Lágmarkslækkun m.v. miðað við styrk í aðveituskólpi (%)	Mæliaðferðir
Heildarstyrkur fosförs	2 mg/l P meira en 50 pe 1 mg/l P meira en 100.000 pe	80 meira en 50 pe	Sjá töflu 3, viðauka IV
Heildarstyrkur köfnunarefnis	15 mg/l N meira en 50 pe 10 mg/l N meira en 100.000 pe	70 - 80 meira en 50 pe	Sjá töflu 3, viðauka IV

Viðauki III.**Viðmiðanir um hvaða svæði skuli talin viðkvæm eða síður viðkvæm.****A. Viðkvæm svæði.**

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

- a. stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem ofauðgun hefur orðið eða kann að verða í náninni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.

Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum (fosfór og/eða köfnunarefni) á að draga með frekari hreinsun:

- stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á stig ofauðgunar,
 - ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámennum þéttbýlissvæðum hefur allajafna minni áhrif á þessum svæðum en þegar fjölmenn þéttbýlissvæði eiga í hlut ætti að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á stig ofauðgunar,
- b. ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í reglugerð um neysluvatn,
- c. svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 5. gr. vegna ákvæða annarra reglugerða.

B. Síður viðkvæm svæði.

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind:

- Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofauðgun eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnauðgun eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Viðauki IV.**Sýnataka og mælingar.****Mælingar á frárennsli.**

Beita skal þeim aðferðum sem lýst er hér á eftir fyrir alla hreinsun. Heimilt er að beita öðrum aðferðum að því gefnu að sönnur séu færðar fyrir því að sambærilegar niðurstöður fáiast. Símaælingar skulu gerðar á rennsli skólps í hreinsivirkjum fyrir 2.000 pe og fleiri. Þar skulu hlutasýni tekin með tilliti til flæðis eða tíma, þ.e. hlutfalls á sólarhring. Gera skal mælingar í hreinsivirki til þess að sannreyna að losunarmörk séu haldin og skal eftirlit nánar útfært í starfsleyfi.

Tafla 1. Tíðni mælinga í hreinsivirki.

	200-1.999 pe	2.000-9.999 pe ²	10.000-49.999 pe	> 50.000 pe
BOD	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
COD	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
Svifagnir	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
N_{TOT}¹	2 ss/ár ³	1 ss/ár ⁴	2 ss/ár ⁵	4 ss/ár ⁶
P_{TOT}¹	2 ss/ár ³	1 ss/ár ⁴	2 ss/ár ⁵	4 ss/ár ⁶

ss = sólarhringssýni (blandsýni yfir einn sólarhring).

1 – TOT = heildarmagn (köfnunarefnis (N) og fosförs (P)).

2 - 12 sólarhringssýni skulu tekin fyrsta árið sem hreinsivirkið er starfrækt.

3 Gildir á svæðum sem eru skilgreind viðkvæm fyrir köfnunarefni og/eða fosfór. Mæla skal N_{TOT} og/eða P_{TOT}.

4 Fjögur sýni á ári á viðkvæmum svæðum (N_{TOT} og/eða P_{TOT}).

5 Tölf sýni á ári á viðkvæmum svæðum (N_{TOT} og/eða P_{TOT}).

6 Tvö sýni á mánuði á viðkvæmum svæðum (N_{TOT} og/eða P_{TOT}).

Fyrir hreinsivirki, sem þjóna 50-199 þe, skal taka fjögur sólarhringssýni, eitt á hverjum ársfjórðungi, innan 12 mánaða eftir að hreinsivirkið er tekið í notkun og mæla í þeim BOD_5 , COD og svifagnir.

Þar sem um losun er að ræða í viðkvæm svæði skal mæla þann þátt sem svæðið er viðkvæmt fyrir, köfnunarefni og/eða fosfór. Fyrir hreinsivirki fyrir 50-199 þe skal taka sýni og mæla köfnunarefni og/eða fosfór einu sinni á ári, auk mælinga á BOD_5 og/eða COD fjórum sinnum á ári.

Mælingar á síður viðkvæmum svæðum.

Á fjögurra ára fresti skal gera mælingar á svæðum, sem skilgreind eru sem síður viðkvæm og taka við skólpi úr hreinsivirkjum sem hér segir:

- fyrir fleiri en 10.000 þe sem veitt er í strandsjó og
- fyrir 2.000 til 10.000 þe, sem veitt er í ármynni.

Mæliþætti skal útfæra í starfsleyfum viðkomandi hreinsivirkja.

Mælingar á yfirfalli.

Í fráveitum með einföldu kerfi, sem þjóna fleiri en 2.000 þe, skal skrá tíðni og tímalengd atburða þegar ofanvatn fer um yfirföll og leggja mat á uppblöndun skólps og ofanvatns.

Fjöldi sýna og losunarmörk.

Hreinsað skólp telst uppfylla losunarmörk ef skólpsýnin uppfylla þau fyrir alla mæliþætti sem hér segir:

- Fyrir mæliþættina sem skilgreindir eru í viðauka I og fyrir eins þreps hreinsun gildir að hámarksfjöldi sýna sem heimilt er að standist ekki losunarmörk (styrkur og/eða lækkun miðað við hundradshluta) skal vera í samræmi við töflu 1.
- Þau sýni fyrir styrk sem eru tekin við venjulega starfrækslu og standast ekki kröfur, sbr. viðauka I, mega ekki víkja meira frá settum losunarmörkum en 100%. Styrkur fyrir heildarmagn svifagna má hækka um allt að 150%.
- Vegna mæliþáttanna í viðauka II skal ársmeðaltal sýnanna uppfylla losunarmörk viðeigandi færíbreytu.

Ekki skal taka mark á gildum sem eru mjög frábrugðin því sem venjulegt getur talist, einkum ef rekja má þau til aðstæðna sem heyra til undantekninga, t.d. stórrigninga.

Tafla 2.

Fjöldi sýna sem tekin eru ár hvert	Leyfilegur fjöldi sýna sem þarf ekki að uppfylla settar kröfur
4-7	1
8-16	2
17-28	3
29-40	4
41-53	5
54-67	6
68-81	7
82-95	8

96-110	9
111-125	10
126-140	11
141-155	12
156-171	13
172-187	14
188-203	15
204-219	16
220-235	17
236-251	18
252-268	19
269-284	20
285-300	21
301-317	22
318-334	23
335-350	24
351-365	25

*Tafla 3. Aðferðir við meðferð sýna og greiningar á frárennlisvatni.**

Lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD ₅) án nítrunar	Mæling uppleysts súrefnis fyrir og eftir fimm daga ræktun við 20°C í algjöru myrkri. Nítrunarlata bætt við. Efnagreiningar skulu gerðar á einsleitum, ósíuðum og óafhelltum sýnum. Setja má annan mælipátt inn í stað þessa: heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) eða heildarsúrefnisþörf (TOD) ef hægt er að sýna fram á tengsl milli BOD ₅ og mælipáttar sem kemur í stað þeirrar upprunalegu.
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	Kalíumdíkrómataðferð. Efnagreiningar skulu gerðar á einsleitum, ósíuðum og óafhelltum sýnum.
Heildarstyrkur fosfórs	Efnagreiningar skulu gerðar á einsleitum, ósíuðum og óafhelltum sýnum.
Heildarstyrkur köfnunarefnis	Heildarstyrkur köfnunarefnis merkir: heildarsumma Kjeldahl-köfnunarefnis (lífrænt N + NH ₃ - N), nítrat-köfnunarefni (NO ₃ - N) og nítrít-köfnunarefni (NO ₂ -N). Efnagreiningar skulu gerðar á einsleitum, ósíuðum og óafhelltum sýnum. Annar kostur er sá að sólarhringsmeðaltal fari ekki yfir 20 mg/l N. Miðað er við 12°C vatnshita eða hærri meðan líffræðilegur hvarfvaki skólphreinsistöðvarinnar starfar. Í stað kröfunnar um hitastig má starfrækja hreinsistöð tímabundið ef tillit er tekið til veðurskilyrða á staðnum. Nýta má þennan möguleika ef hægt er að færa sönnur á að ákvæðum 1. mgr. D-hluta, I. viðauka sé fullnægt.
Heildarmagn svifagna	Síun dæmigerðs sýnis í gegnum 0,45 µm himnu. Þurrkað við 105°C og vegið. Skiljun dæmigerðs sýnis (í að minnsta kosti fimm mínútur með 2.800 til 3.200 g meðalhröðun), þurrkað við 105°C og vegið. Efnagreiningar skulu gerðar á einsleitum, ósíuðum og óafhelltum sýnum.

* Beita má öðrum aðferðum að því tilskildu að hægt sé að færa sönnur á að sambærilegar niðurstöður fáiast. Ef nýir staðlar koma í stað þessara aðferða skal beita nýju aðferðunum.

Viðauki V.**Listi og viðmiðunargildi fyrir þætti sem spillt geta fráveitubúnaði og/eða virkni hreinsibúnaðar.**

	Lágmark	Hámark
Svifagnir		500 mg/l
Lífrænt efni (sem COD)		1.000 mg O ₂ /l
Fita (óskautuð)		100 mg/l
Sýrustig (pH), tímabundið má sýrustig fara niður í 4 sem nemur samtals einni klukkustund á viku, vari það aldrei lengur en sem nemur 6 mínútum í hvert sinn	6,5	10
Hitastig má nema allt að 50°C í að hámarki 30 mínútur á sólarhring		35°C

Viðauki VI.**Flokkun síður viðkvæmra svæða.**

Um flokkun síður viðkvæmra svæða þar sem þéttbýli losar skólp út í viðtaka, sbr. 7. gr., fer samkvæmt töflu 1.

Tafla 1. Flokkun síður viðkvæmra svæða.

Svæði	Skilgreining vatnshlots	Skólpmagn	Skilgreining svæða	Gögn sem fylgja skulu með tillögu sveitarstjórnar
Strandsjór	Opið fyrir hafi	10.000–30.000 pe	Flokkast sem síður viðkvæmt svæði*	Eingöngu grunnupplýsingar, sbr. 17. gr.
Strandsjór	Opið fyrir hafi	yfir 30.000 pe	Háð mati og ákvörðun Umhverfis- og orku-stofnunar	Sjá lista fyrir neðan.
Strandsjór	Skjólsælt	yfir 10.000 pe	Háð mati og ákvörðun Umhverfis- og orku-stofnunar	Sjá lista fyrir neðan.
Ármynni		2.000–10.000 pe	Háð mati og ákvörðun Umhverfis- og orku-stofnunar	Sjá lista fyrir neðan.

* Nema niðurstöður vöktunar undir stjórn vatnamála sýni fram á annað.

Gögn sem fylgja skulu tillögum sveitarstjórna vegna flokkunar á síður viðkvæmum svæðum, sbr. töflu 1.

- Landfræðilegar aðstæður.
 - Lega þéttbýlissvæðis, vatnsvið fráveitu (útrásar), staðsetning hreinsivirkis og útrásar.
 - Lýsing á svæðinu (sjór, ármynni) ásamt upplýsingum um landfræðilegar aðstæður sem gætu haft áhrif á hæfni viðtakans til blöndunar og þýnningar skólps, m.a. stærð og lögun fjarða, þröskuldar, mesta dýpi og meðaldýpi.
- Straumar.
 - Sjávarföll og sjávarfallastraumar, nettóstraumur og straumstefna, vatnsskipti og haffræðilegt mat. Ennfremur vatnsmagn í ám og hugsanleg áhrif þeirra á strauma og vatnsskipti.
- Aðstæður á botni og lífríki.
 - Botngerð á svæðinu (möl, sandur eða leir), kornastærð, hlutfall lífræns efnis í efsta botnlagi, lýsing gróðurfars og helstu einkenna lífríkis.
- Mengunarálag.

- Íbúafjöldi tengdur fráveitu og fjöldi íbúa í sveitarfélaginu sem ekki er tengdur sameiginlegri fráveitu.
- Mat á fjölda persónueininga vegna íbúa, matvælavinnslu, þjónustustarfsemi (sjúkrahús, heilsugæslu, gististöðum og veitingastöðum) eða annarrar starfsemi sem leiðir skólp í fráveituna. Gefa skal upp heildarfjölda persónueininga miðað þá viku sem lífrænt álag er mest.
- Skólphreinsun og hreinsivirkni búnaðar.
- Mat á áhrifum fráveituvatnsins á svæðið, stutt mælingum ef til eru.
- Mat á áhrifum á skilgreinda gæðabætti samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Viðauki VII.

Gæðamarkmið og umhverfismarkmið fyrir hámarksmengun.

- A. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:
- Set eða útfellingar.
 - Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
 - Olía eða froða.
 - Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
 - Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.
- B. Í ám og vötnum utan þess hluta viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum skulu eftirfarandi umhverfismörk gilda:
- Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C.
 - Súrefnismettun, lágmark: 70%.
 - Má aldrei fara undir 6 mg O₂/l.
 - 50% af tímanum yfir 9 mg O₂/l.
 - Sýrustig, pH: 6–9.
 - Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5.
 - Ammoníak, NH₃: Minna en 0,025 mg/l.
 - Súrefnisnotkun BOD₅: Hæst 4 mg O₂/l.
 - HOCl: Hæst 0,004 mg/l.
 - Oliur og fitur: Olíubrák má ekki sjást.
 - Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l.